

Reykjavík 14. maí 2024

Skýrsla stjórnar

Børge Johannes Wigum, formaður Steinsteypufélagsins starfsárið 2023-2024 lagði fram skýrslu stjórnar og er hún svohljóðandi:

Aðalfundur Steinsteypufélags Íslands var haldinn þriðjudaginn 16. maí, 2023, á skrifstofu VSÓ, Borgartúni 20. Hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá. Børge Johannes Wigum var að hefja sitt fjórða ár í stjórn, Heimir Rafn Bjarkason og Sigríður Ósk Bjarnadóttir voru að hefja sitt þriðja ár í aðalstjórn, Guðni Jónsson var að hefja sitt þriðja ár sem starfandi varamaður, og Andri Jón Sigurbjörnsson var að hefja sitt annað ár í aðalstjórn. Ólafur Sveinn Haraldsson bauð sig fram í stjórn og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Lárus Helgi Lárusson, sem starfað hefur sem varaformaður, var að hætta eftir fjögur ár í aðalstjórn og var honum þakkað fyrir sitt framlag.

Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar skv. lögum félagsins, þar sem Børge Johannes Wigum var endurkjörinn sem formaður og Andri Jón Sigurbjörnsson kosinn varaformaður. Sigríður Ósk Bjarnadóttir, Heimir Rafn Bjarkason og Ólafur Sveinn Haraldsson voru kosnir stjórnarmenn og Guðni Jónsson í varastjórn. Þorbjörg Hólmeirsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra á tímabilinu og heldur því starfi áfram.

Félagið stóð fyrir einum rafrænum þemafundi á tímabilinu, þann 1. nóvember 2023 og var þema fundarins: „Endurnýting og -vinnsla steinsteypu“. Fundarstjóri var Sigríður Ósk Bjarnadóttir. Stjórnin fékk Hollendinginn Walter Speelman til að segja okkur frá reynslu Hollendinga en þeir eru flestum fremri þegar kemur að þessu efni. Titill erindisins var: „*Recycled aggregates - Green product – Green opportunities*“, og er hægt að hlýða á erindið á Youtube-rás Steinsteypufélagsins.

Steinsteypufélagið fékk árið 2023 samþykka inngöngu í *fib*, en það eru samtök sem vinna að því að auka veg steinsteyptra mannvirkja um allan heim. Samtökin og forverar þeirra hafa verið við lýði allt frá árinu 1952. Með þessari aðild fær Steinsteypufélagið aðgang að miklu magni af ýmiss konar gögnum og verður það aðgengilegt félagsfólki innan skamms.

Samtök iðnaðarins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Steinsteypufélag Íslands buðu til opins samtals um vistvænni steypu og notkun hennar í verkefnum hér á landi. Fundurinn fór fram fimmtudaginn 11. janúar 2024 í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35.

Steinsteypudagurinn 2024 var haldinn á Grand hótél, föstudaginn 10. febrúar 2024, og tókst með afbrigðum vel og var hann vel sóttur, en nokkuð á annað hundrað manns mættu á Grand hótél. Stjórn félagsins þakkar öllum flytjendum fyrir þeirra framlag, gestum fyrir komuna og styrktaraðilum fyrir ómetanlegan stuðning. Myndband af ráðstefnunni er nú aðgengilegt á youtube rás félagsins. Það var Ágúst Örn Börgesson Wigum sem annaðist þá gerð og fær hann þakkir fyrir. Á dagskrá voru fjölbreytt og áhugaverð erindi og umræður. Einnig var boðið upp á pallborðsumræður um byggingarkostnað og húsnæðisframboð en það er málefni sem varðar okkur öll.

Á Steinsteypudeginum var auglýst ný heimasíða félagsins, sjá www.steinsteypufelag.is Stjórn félagsins vinnur að því að uppfæra efni síðunnar og hlaða inn nýjum gögnum. Félagið er einnig á ýmsum

samfélagsmiðlum. Félagið heldur úti youtube rás þar sem er að finna upptökur af ýmsum viðburðum félagsins. Jafnframt er félagið á facebook og LinkedIn.

Steinsteypuverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á Steinsteypudeginum. Að þessu sinni voru það „Geosea“ – Náttúruleg sjóböð við Húsavík, sem hlaut verðlaunin.

Að lokum voru nemendaviðurkenningar 2024 afhentar. Þeir sem hlutu viðurkenningar árið 2024 voru:

- Breki Þórðarson, HR, fyrir verkefnið: „Forsteyptar einingar í brúargerð - Brú yfir Laxá í Kjós“.
- Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir, HR, fyrir verkefnið: „Þverárrétt í Borgarfirði“.
- Birgir Leó Ólafsson, HR, fyrir verkefnið: „Beygjutogstyrkur bita með basalttrefjabundinni steinsteypu“

Félagið færir eftirtöldum verkfræðistofum okkar bestu þakkir fyrir að bjóða nemendum upp á frían mat og nemendaviðurkenningar: EFLA, Ferill, Mannvit, VERKÍS, VSB, VSÓ og Vegagerðin.

Að formlegri dagskrá lokinni voru léttar veitingar í boði Sementsverksmiðjunnar og Aalborg Portland og eru þeim færðar kærar þakkir yfir veittan stuðning.

Sigmál, fréttabréf Steinsteypufélagsins var gefið út í tengslum við Steinsteypudag. Það hefði aldrei verið mögulegt nema fyrir þá fjölmörgu auglýsendur og greinaskrifara sem komu að blaðinu. Erla Margrét Gunnarsdóttir var ritstjóri og sjá um umbrot blaðsins og aðra umsýslu.

Miðvikudaginn 28. febrúar 2024 var veffundur á vegum ESCN (*Concrete and sustainability – an update on ongoing efforts in Europe – Part 2*), þar sem formaðurinn, Børge Johannes Wigum, var einn stjórnenda frá stúdíó í Ósló. Upptökur er að finna á: www.ecsn.net.

Dagana 22. og 23. apríl 2024 hittust norrænu steinsteypufélögin „*Nordic Concrete Federation*“ (NCR) í Osló. Fyrsta daginn var fundur í „*The Research Council for Nordic Concrete Research*“ (RCNCF), þar sem Børge Johannes Wigum og Dórótea Höeg Sigurðardóttir sátu fundinn. Dórótea er nýr fulltrúi okkar í norrænu vísindastarfi – RCNCF. Seinni daginn var fundur í stjórn NCR, og tóku Børge Johannes Wigum og Þorbjörg Hólmgæirdóttir þátt í fundinum. Sjá nánar um NCF á: www.nordicconcrete.net

Félagið stendur vel fjárhagslega og munar þar mestu um styrki árið 2023 frá helstu bakhjörllum Steinsteypufélagsins: Aalborg Portland ehf., B.M. Vallá ehf., Björgun ehf., HGH verk ehf., Sementsverksmiðjan ehf., Steypustöðin ehf., Steypustöðin – námur ehf. og Vegagerðin. eru þessum fyrirtækjum og stofnunum færðar bestu þakkir fyrir.

Félagið er í samstarfi við byggingarstaðlaráð og Staðlaráð Íslands að undirbúa stofnun spegilnefndar vegna staðla sem tengjast steinsteypu. Meginmarkmið slíkrar nefndar, ef af stofnun verður, væru að fylgjast með breytingum við gerð og endurskoðun Evrópustaðla og að gæta séríslenskra hagsmuna í evrópskri staðlagerð.

Síðasti viðburður fráfarandi stjórnar var síðan heimsókn 14. maí 2024 á nýtt athafnasvæði Björgunar í Álfsnesvík þar sem gestum bauðst að skoða nýja starfsstöð Björgunar. Voru um 20 manns mættir í þá heimsókn.